

Félagslegur stöðugleiki

Sátt um endurreisn velferðar?

Fundur aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda
26. janúar 2018

Gylfi Arnbjörnsson
Forseti ASÍ

Norræna samfélagsmódelið






Þróunin er neikvæð


- Hlutfall til velferðar af heildarútgjöldum hins opinbera hefur farið lækkandi,
 - var nærri 55% í upphafi aldarinnar en er nú nærri 52%
- Hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur lækkað úr 23-24% í tæplega 21%
- Mikilvægt að sporna við þessu til að undirbyggja sátt í samfélaginu
- Getum við sameinast um að nota hagvöxtinn til þess að efla velferð!

Landsframleiðsla og heildarútgjöld

Spá SÍ og 41,5%



Endurreisn „velferðar“





Þróuninni yrði snúið við!

- Hlutfall „velferðar“ af heildarútgjöldum hins opinbera myndi hækka í nærri 56%
- Hlutfall „velferðar“ af vergri landsframleiðslu myndi hækka aftur í 23-24%
- Með þessu gæfist okkur tækifæri á að setja þjóðinni verðugt markmið og leggja þannig grunn að meiri sátt í samfélaginu !

The background is a solid dark red color. On the left side, there is a faint, semi-transparent graphic consisting of a chain of links and a gear-like circular shape. The text is centered in the upper half of the image.

Forgangsmál til að stuðla að félagslegum stöðugleika



Húsnæðismál

- **Ungt fólk kemst ekki að heiman, tekjulág heimili hafa ekki húsnæðisöryggi og greiða allt of hátt hlutfall tekna sinna í húsnæði**
 - Veita þarf stofnframlög til uppbyggingar á a.m.k. 1.000 nýjum íbúðum á ári í almennum leiguíbúðakerfinu á næstu árum til að slá á mestu neyðina
 - Tryggja þarf hlutdeild „launafólks“ í almenna leiguíbúðakerfinu í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í febrúar 2017
 - Auka þarf framlög til þess að Íls geti úthlutað þeim fjölda íbúða sem samið var um
 - 2.300 íbúðir á 4 árum en 3 mia.kr. duga aðeins fyrir um 550 íbúðum vegna hærri framlaga til námsmanna! Vantar a.m.k. 300-500 mkr. á ári
 - Gera þarf ÍLS kleyft að veita 90% lán til leigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða fyrir fjölskyldur með tekjur ofan við tekjumörk almenna leiguíbúðakerfisins



Húsnæðismál, frh.

- Efla þarf húsnæðis- og vaxtabótakerfin, auka stöðugleika þeirra og jöfnunarhlutverk
 - Óstöðugleiki stuðningskerfanna skapar óöryggi og fjárhagserfiðleika
 - Nú þegar verið að skerða húsnæðisbætur með því að frysta viðmiðunarfjárhæðir ár eftir ár og leiðir greiðsluvanda þessara fjölskyldna
 - Vaxtabótakerfið hefur rýrnað verulega og styður sífellt færri – tekjulágar fjölskyldur með lágmarks eigið fé í hóflegu húsnæði fá ekki lengur stuðning
- Húsnæðislánakerfið er óhagkvæmt og tryggir ekki lægstu mögulegu vexti fyrir neytendur
 - Gera þarf breytingar á húsnæðislánakerfinu að danskri fyrirmynd.
- Skilgreina þarf vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðar



Heilbrigðismál

- **Sjúklingar greiða allt of mikið fyrir heilbrigðisþjónustu, of margir þurfa að neita sér um heilbrigðisþjónustu og lyf og fólk býður of lengi.**
 - Draga þarf til muna úr kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni og vinna markvist að því að bæta aðgengi að þjónustunni og stytta biðlista.
 - Grunnstoðum heilbrigðisþjónustunnar verði tryggt nægilegt rekstarfé og innviðir byggðir upp til að tryggja þjónustu í fremstu röð. Hefja þarf þegar byggingu nýs Landspítala við Hringbraut.



Aldraðir og lífeyrisþegar

- **Ljúka þarf endurskoðun almannatrygginga gagnvart öryrkjum. Öldruðum fjölgar hratt en öldrunarþjónustan situr eftir**
 - Gera margumræddar umbætur á almannatryggingakerfinu gagnvart örorkulífeyrisþegum – taka upp starfsgetumat og auka möguleika til endurhæfingar
 - Efla þarf öldrunarþjónustuna og gera raunhæfar áætlanir um fjármögnun og uppbyggingu búsetu- og þjónustuúrræða til framtíðar
 - Almennar íbúðir fyrir aldraða sem viðbót við kerfið



Breytingar á skattkerfinu

- **Endurskoða þarf tekjuskattskerfið til að auka jöfnunarhlutverk þess og draga úr skattbyrði lág- og millitekjufólks**
 - Skattbyrði hefur aukist langmest hjá tekjulægra launafólki sl. 20 ár
 - Tengja þarf þróun skattleysismarka við launavísitölu í stað vísitölu neysluverðs
 - Ósannjarnt misræmi í að skattleysismörkin fylgi neysluverði en efri tekjumörkin fylgi launaþróun – munar allt að 70 þús.kr. á ári!
- **Barnabótakerfið** verði eftt sem mikilvæg tekjujöfnunartæki ekki síst fyrir ungt fólk
 - Barnabótakerfin hafa rýrnað verulega á undanförunum árum og dregið hefur úr jöfnunarhlutverki þeirra.



Velferð á vinnumarkaði

- Stjórnvöld setji í forgang að berjast með öllum ráðum gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði
- Efla og treysta þarf þau réttindi sem launafólk hefur samið um vegna atvinnuleysis, fæðingarorlofs eða gjaldþrot fyrirtækja – *nánari umfjöllun og umræður á næsta fundi aðila*
- Gera verður þolendum fjórðu iðnbyltingarinnar kleyft að endurmennta sig til annarra starfa – *nánari umfjöllun og umræður á fundi aðila í febrúar*